



# Skipulags-og byggingarnefnd Fundargerð

Fundur nr.107 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 9.desember 2014 klukkan 15:00.

Mættir eru nefndarmenn: Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Davíð Andri Agnarsson, Gísli Kjartansson varamaður, Gústaf Pálsson varamaður og Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri. Kristbjörg Hilmarsdóttir og Páll Jónsson aðalmenn boðuðu forföll.

## Dagskrá:

### Skipulagsmál:

#### 1. Orustustaðir – Aðalskipulagsbreyting

Lagt er fyrir nefndina breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 vegna Orustustaða. Tillaga aðalskipulagsbreytingar var samþykkt í skipulags -og byggingarnefnd þann 7.október 2014 og send til yfirferðar Skipulagsstofnunnar. Við fyrrí umræðu vantaði umsagnir frá ábúendum á austanverðum Brunasandi. Er því tillagan tekin til afgreiðslu aftur m.t.t. þeirra athugasemda.

*Umsögn og athugasemdum ábúenda á austanverðum Brunasandi hefur verið svarað innan greinargerðar skipulagsins. Nefndin vísar að öðru leiti til fyrri bókunar frá 7.10.2014 og mælist til þess að sveitarstjórn samþykki breytingartillögu þessa og sendi hana til yfirferðar Skipulagsstofnunnar fyrir auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda samkv. 32.gr. skipulagslaga nr.123/2010*

#### 2. Orustustaðir - Deiliskipulag

Lagt er fyrir nefndina deiliskipulag í landi Orustustaða í Skaftárhreppi. Í skipulaginu felst að skilgreint er 40 ha svæði þar sem áætlað er að byggja 200 gistirými ásamt aðstöðu fyrir móttöku og aðra þjónustu hótels. Deiliskipulagið tekur einnig til aðkomuvegar sem liggur að hluta til í landi Hraunbóls/Sléttabóls.

*Skipulags –og byggingarnefnd samþykkir að tillagan verði auglýst samkv. 41.gr.*

*skipulagslaga nr.123/2010. Auk þess skal hún send til umsagnar eftirfarandi aðila:*

- |                                          |                              |
|------------------------------------------|------------------------------|
| - <i>Vegagerðarinnar</i>                 | - <i>Fuglaverndar</i>        |
| - <i>Heilbrigðiseftirlits Suðurlands</i> | - <i>Minjastofnunar</i>      |
| - <i>Umhverfisstofnunar</i>              | - <i>ábúenda á Hraunbóli</i> |

#### 3. Klausturhólar – Skilti

Anna Gyða Gunnlaugsdóttir sendi fyrirspurn varðandi uppsetningu skilta fyrir Klausturhóla. Um er að ræða þrjú skilti, eitt sem fer á ljósastaur við aðalgötuna (Klausturvegur), vinstra megin rétt eftir Kjarval til að leiða vegfarendur framhjá þeim afleggjara sem flestir ókunnugir fara ef Klausturhólar er áfangastaðurinn. Annað fer á ljósastaurinn þar sem fyrir er skilti sem vísar á heilsugæsluna (sams konar) inn á Skriðuvelli og þriðja skiltið fer á ljósastaurinn sem er á vinstri hönd þegar búið er að fara framhjá heilsugæslunni. Skiltin eru 50 x 60 sm.

**Nefndin gerir ekki athugasemd við uppsetningu þessara skilta.**

**Fundargerð lesin upp og samþykkt.**

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.**